

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu og -eyðingar sbr. samþykkt nr. 433/2012 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Á íbúðarhús, frístundahús, fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokka eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Heimili	Frístundahús	Lögbýli ***	Fyrirtæki
Grunngjald kr. *	15.464	11.029	6.632	13.532
Ílátajald kr. **	19.112			
Samtals kr.	34.576	11.029	6.632	13.532

\* Grunngjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámastöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

\*\* Ílátajald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

\*\*\* Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram hefðbundið heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra 14. desember 2012, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 881/2012.

*Hellu, 13. febrúar 2013.*

**Drífa Hjartardóttir** sveitarstjóri.